# Ársskýrsla Siberian Husky deildar

*2015*

Siberian Husky deild HRFÍ

22. febrúar 2016

# Ársskýrsla Siberian Husky deildar

*2015*

Á aðaldfundi deildarinnar, þann 20. mars 2015, voru þrír aðilar kosnir í stjórn. Sigríður Þorgrímsdóttir og Erla Vilhelmína Vignisdóttir voru kosnar inn til tveggja ára, og Linda Jónsdóttir til eins árs.

Laus eru þrjú sæti á næsta stjórnarári, öll til tveggja ára, en það eru Ólöf Gyða Risten Svansdóttir, Stefán Arnarson og Linda Jónsdóttir sem lokið hafa sínu kjörtímabili.

## Innfluttir hundar á árinu

Tveir nýjir Siberian Husky hundar voru fluttir inn á árinu:

- Black Jack Legend of the Spirit (FCI) (rakki)
    - Eigandi: Kolbrún Arna Sigurðardóttir
    - Ræktandi: Izabela Krieger (Póllandi)

- Santsierra Ice Tempted by Tangotara (tík)
    - Eigandi: Stefán Arnarson
    - Ræktandi: Tatiana Vibeke Transo Botterill (Spánn)

## Fjöldi gota á árinu

3 Siberian Husky got voru árið 2015, eða alls 10 hvolpar.

## Meistarar á árinu

Siberian Husky deildin eignaðist þrjá íslenska meistara (ISCH) á árinu:

- Canyonlands Sundance Kid (rakki)
    - Eigandi: Stefán Arnarson & Damian Krawczuk
    - Ræktandi: K. L. Fisher (Ástralía)
- Bedarra Scipio Africanus (rakki)
    - Eigandi: Auður Eyberg Helgadóttir
    - Ræktandi: Marjut Peiponen (Svíþjóð)
- Raq Na Rock‘s Hrafntinna (tík)
    - Eigandi: Ólöf Gyða Risten Svansdóttir
    - Ræktandi: Kolbrún Arna Sigurðardóttir (Ísland)

Deildin eignaðist einnig tvo alþjóðlega meistara (C.I.B.) á árinu, en enn er verið að bíða eftir staðfestingu frá FCI:

- Wolfriver‘s Ice Thunder Kanuck (rakki)
    - Eigandi: Anna Marín Kistjánsdóttir
    - Ræktandi: Kristine L. Brown (Kanada)

- Miðnætur Rum Tum Tugger (rakki)
    - Eigandi: Ágúst Már Viggósson
    - Ræktandi: Stefán Arnarson (Ísland)

# Augnskoðanir

Haldnar voru 3 augnskoðanir á vegum HRFÍ á árinu 2015. Alls voru 15 hundar skoðaðir og þar af kom í ljós að hundurinn sem settur var í ræktunarbann vegna grun um cataract í fyrra var tekinn úr ræktunarbanni þar sem hann var með Cornea Dystrofi en ekki cataract.

# Uppsetning sýningar

Siberian Husky deildin átti að asjá um að setja upp nóvembersýninguna og taka niður og hjálpa til. Gekk þó nokkuð vel að manna sýninguna, sérstaklega í að setja upp sýninguna og taka niður. Vantaði þó fólk í að hjálpa að þrífa og taka niður sýninguna á sunnudeginum, en var Siberian Husky deildin ein fjölmennasta deildin á staðnum á þeim tíma.

# Stigahæstu hundar deildarinnar

## Stigahæsti Siberian Husky hundur 2015

| | | |
|---|---|---|
| 1. sæti | RW-14-15 C.I.B. AMCH DKCH ISCH Destiny‘s Fox in Socks | 42 stig |
| 2. sæti | Miðnætur Dancing In My Dreams | 39 stig |
| 3-4. sæti | C.I.B. RW-14 ISCH Múla Hríma | 31 stig |
| 3-4. sæti | ISCH CACH Wolfriver‘s Ice Thunder Kanuck | 31 stig |
| 5. sæti | ISCH Raq Na Rock‘s Hrafntinna | 26 stig |

## Stigahæsti Siberian Husky hvolpur 2015

| | | |
|---|---|---|
| 1. sæti | Múla Gígur | 36 stig |
| 2. sæti | Valkyrju Krapi | 30 stig |
| 3. sæti | Valkyrju Hel | 22 stig |
| 4-5. sæti | Múla Magic Moon Over Denali | 20 stig |
| 4-5. sæti | Valkyrju Gná | 20 stig |

## Stigahæsti Siberian Husky öldungur 2015

| | | |
|---|---|---|
| 1-2. sæti | C.I.B. ISCH Anyka Bootylicious Babe | 4 stig |
| 1-2. sæti | Heimskauta Sólskins Tindur | 4 stig |

## Stigahæsti Siberian Husky ræktandi 2015

| | | |
|---|---|---|
| 1. sæti | Miðnæturræktun | 26 stig |
| 2. sæti | Múla ræktun | 17 stig |
| 3. sæti | Raq Na Rock‘s ræktun | 10 stig |
| 4. sæti | Leirdalsræktun | 3 stig |
| 5. sæti | Eyberg Ice ræktun | 2 stig |
| 6. sæti | Valkyrjuræktun | 1 stig |

# Fundargerðir

Stjórnin fundaði alls 10 sinnum yfir stjórnarárið og haldinn var 1 deildarfundur. Allar fundargerðirnar eru komnar á heimasíðu deildarinnar (www.huskydeild.com).

# Styrktaraðilar yfir árið

Aðalstyrktarðaili Siberian Husky deildarinnar árið 2015 er Gæludýr.is. Þau lánuðu okkur húsnæði sitt í Korputorgi undir sýningarþjálfanir deildarinnar.

# Viðburðir stjórnarársins

## Sýningarþjálfanir

Í kringum 4 sýningarþjálfainir voru haldnar fyrir hverja sýningu HRFÍ.

## Deildarfundur 22. október 2015

Á deildarfundinum 22. október var tilkynnt deildarsýningin sem haldin verður 9. apríl 2016. Farið var yfir marga liði og komu upp fullt af uppástungum fyrir viðburði og námskeið.

## Feldhirðunámskeið 28. október 2015

Stefán Arnarson var með feldhirðunámskeið heima hjá sér fyrir áhugasama. Mætingin var ekki alveg eins og vonast var en búið var að setja mörk á 10 manns. Voru þó margir fyrir norðan áhugasamir um að haldið yrði námskeið fyrir norðan.

## Út að borða eftir sýningu 28. febrúar 2016

Farið verður út að borða eftir aðalfundinn 28. febrúar á Ask.

# Á döfinni

## Stórhundadagar 5-6. mars 2016

Stórhundadagar verða haldnir í Garðheimum 5-6. mars. Stefnan verður eins og venjulega, að Siberian Huskyinn tekur þátt.

## Deildarsýning 9. apríl 2016

Fyrsta deildarsýning Siberian Husky deildar verður haldinn 9. apríl í Gæludýr.is, Korputorgi. Dómarinn að þessu sinni verður Donna Beckman frá USA, en hún hefur verið virkur aðili í tegundinni í 40 ár.

## Námskeið 10. apríl 2016

Donna Beckman (dómarinn á deildarsýningunni) mun halda tvö námskeið á meðan hún dvelur á landinu. Fyrra námskeiðið mun einblýna á að fræða dómara og dómaranema um tegundina. En Donna sér um dómarafræðslu á Siberian Husky í USA.

Seinna námskeiðið mun hallast að áhugasömum um tegundina. Donna ætlar að kynna sögu Siberian Husky, ásamt því að fara í byggingu og standard tegundarinnar.

## Útileiga 25-26. júní 2016

Ákveðið var á deildarfundi sem haldinn var 22. október 2015 að festa útileigu deildarinnar á síðustu helgina í júní, sem er 25-26. júní á þessu ári.

## Kynningabæklingur

Halda áfram með kynningabæklinginn sem byrjað var á. Búið var að gera tímabundinn bækling sem notaður var á Stórhundadögum í Garðheimum.